


DÍSYRÐI



STEINUNN ÁSMUNDSDÓTTIR

Bókin er gefin út í 500 eintökum.
Þar af eru 150 tölusett og árituð af höfund.

Þetta er 1 eintakið.

A large, stylized handwritten signature in blue ink, written over the text "Þetta er 1 eintakið." The signature is cursive and appears to be a personal name.

DÍSYRÐI

Steinunn Ásmundsdóttir:

Einleikur á regnboga. Ljóð. 1989

Dísyrði. Ljóð. 1992

STEINUNN ÁSMUNDSDÓTTIR

DÍSYRÐI

Goðorð
Reykjavík 1992

© Steinunn Ásmundsdóttir 1992

Öll réttindi áskilin

ISBN 9979-9017-3-X

Setning: Orðhagi sf.

Kápa: Inga Lís Middleton

Bókin er unnin í Ísafoldarprentsmiðju hf.

í minningu
Ernu Sæmundsdóttur

RÆTUR Í NÝJU LANDI

i

Skuggi minn geymir nú
sársauka liðinna tíma

kvölin ei lengur í
launfylgsnum hugans

þó rís á sorgbitnu bjargi
hús hamingju minnar.

ii

Að bera sig á torg
er harla sársaukafullt

gaspra örvæntingarfullt
út í mergðina

þrái andsvar

bara ekki þetta
kurteisa skilningsleysi
og dapra skvaldur.

iii

Annað veifið gerist það
að járnslegin krumla
krækir í mig
og kastar fyrir ljónin
af fullkomu fálæti.

Ég kasta teningunum,
fæ sömu útkomu.

Nema tíminn gleypi sporin mín?

Ég get þá byrjað aftur
og breytt sögunni eftir mínu höfði.

iv

Einn þessara daga,

líkami og sál virtust aðskilin
í dofinni kvöl
og ráfuðu um,
sitt í hvoru horninu
á tilverunni.

Jaðraði við uppgjöf,
öryggið veikur þráður
og þættirnir að bresta
hver af öðrum.

Þá var það að sást til sólar
í miðjum vetrinum.

v

Sit hér
búin til
að brjótast inn
í sálir ykkar
með blíðlátu offorsi
svo þið fáið numið
ákall mitt
um skilning

vil að þið vitið
ég er alltaf hér
ef þið aðeins
kærið ykkur um.

vi

Húmið læðist inn í daginn
og fyrr en varir komið myrkur.

Myrkrið, hulan mjúka
sem slævir sorgir,
hægir ekki
og þerrar tár af hvarmi.

Breytir gamalli tálsýn
í ný fyrirheit.

vii

Blek, dýra blek,
blátt af áreynslu

orðin fást hvergi

og þú rennur hjá
sem svikul elfur.

viii

Værukær gleði
blandin óöryggi
læt sem ég skemmti mér
— hættunar framundan.

Held ekki
að gleðin endist.
Veit að óttinn bíður
handan við hornið
reiðubúinn í innbrot.

Þó er ég hér
slegin töfrum.

ix

Annars er það víst satt
sem menn forðum sögðu
að tíminn spinnur sinn vef
kringum manninn
og hann fær engu ráðið.

x

Ég veit ekki almennilega hvað gerðist
...ég lifnaði allt í einu við

mér uxu hvítir vængir

í stað sorglegra hljóða
kom úr barka mínum hinn fegursti söngur

hjartað barðist ekki lengur af ótta
það sló í takt við lífið.

Ég festi rætur í nýju landi.

DÍSYRÐI

i

Í þá daga var hún aldrei ein,
óttinn var alltaf nálægur
og verndaði hana fyrir hinu góða.

Enn er hún ekki ein,
en nú er það ástin sem henni fylgir
og verndar hana gegn óttanum.

Ég var kysst í morgun
og elskuð í nótt.

Mér líður eins og hafmey
sem býr í þykku ástarvatni
með ívafi morgunsársins.

Þú veist það ekki
— ekki ennþá,
að ég ætla alltaf að vera hjá þér
og gæta þín
um leið og þú gætir mín.

Ég ætla að sjá til þess
að augun þín
grænu
fyllist ekki hryggð né vanmætti,

að bakið þitt
beina
bogni ekki fyrir vonbrigðum,

að hugur þinn
margbrotinn
þjáist ekki af myrkurdraugum.

Og svo ætla ég að biðja þig
að halda fast utan um mig.

iv

Þú snertir mig alls staðar
um mig flæðir algleymi
varir mætast
jafnt í kyrrð sem ofsa

á millum sálna okkar
er strengur
svo styrkur
að orða er ekki þörf
líf okkar samofið
gulli og silfri tilfinninga
tár, angur og unaður
í ólgandi röst.

Manstu að mig dreymdi
ég hjúfraði mig
undir stórum, fiðruðum væng,
kúrði mig í hlýtt myrkrið ?
Held það hafi verið þú
sem mig dreymdi.

Jú — ég fann það sterkt
þegar þú luktir mig örmum.
Þannig líður mér líka
þegar þú heldur utan um mig
á nóttunni.

Svona eins og undir stórum,
hlýjum og traustum væng.

vi

Hálfrökkur í marrandi snjónum
við stóðum í rauðu biðskýli
biðum eftir brottför þinni

fundum ekki réttu orðin

og öll þessi angist
sem braust um í hjartanu

ástin eins og lífið
traust jörð eða örþunn skel
– eftir atvikum

síðan hef ég saknað þín sárt.

vii

Ég skal segja þér vinur
hvernig þetta er allt saman.

Gefðu mér fjóluvönd
gefðu mér kinnhest

og þú færð mig og missir
í sömu andrá

hatar mig
en getur ekki gleymt mér
vegna þess þú elskar mig.

Gættu þess bara
að þú getur aldrei
eignast mig.

viii

Angist,
leik þér ei
að brotnu hjarta

holrúm fullt af ótta
holrúm fullt af hryggð

angist,
leik þér ei
uns ástin bjarta
aska er.

ix

Af hverju brenndir þú ljóðið um eldinn

ljóð sem var aðeins týra
ætlað að glepja óstöðugt hjarta

af hverju settir þú týruna á bál?

x

Allt er að falli komið
og ég sé mig í skuggsjá
— konuna í rústunum
með kramið hjarta í lófanum.

xi

Grágrimmar dúfur
steypa sér yfir mig
með vængjagný
kroppa úr mér augun
fljúga burt
með sál mína.

Þó elska ég þig
ekki
aðeins þrá
eftir atlotum
gæti samt aldrei
misst þig
myndi fölna
langar bara að hafa allt
í deiglu tímans
og sjá svo til
hvort ástin eflist
ellegar dofna
vildi ég væri ekki
svo flókin
aðeins ég væri
venjuleg dísynja
með fá vandamál
og velgengni í augunum.

xiii

Óttinn oft orðlaus
aðeins skynjun

leita ljóssins
með sverð í hönd

vil
berjast
vinna

lifa.

ÖRÆFALJÓÐ

i

Landið mitt
borin úr skauti þínu
komin af berangri
í máttugt hjarta þitt.

Öll skáldin sem um þig ortu
gengin sinn veg
nú tíðkast ekki framar
að kveða til þín ljóð.

Mig skortir svo sárlega orð.

Veit að þú skynjar
ólgandi gleði og tryggð
er ég legg mig í faðm þinn
og græt í fegurð þína.

ii

Snautt - svo snautt
mannfólkið
í leit sinni að tilveru

hefur gleymt
því veigamesta hlutverki
gæsku og kærleika

að virða dýr merkurinnar
hjartslátt náttúrunnar

hefur gleymt
að í auðmjúku hjarta
er öll tilveran fólgin.

iii

Drekarnir tveir lifa í gili
snúa skoltum í átt til sólar
og glotta meinlega.

Velta fyrir sér hvað varð um gullið,
drekagullið sem týndist
í myndakassa fyrsta ferðamannsins.

Eitt sinn kom útlendingur
að heimsækja öræfin,
spurði um næsta hótél
og hvað væri markvert að sjá.
Upplýstur um fegurð, fágæta náttúru
og að tjalda mætti á melnum
sneri hann til byggða
og sást aldrei framar.

v

Vildi að ég mætti fela mig um stund
í lítilli gjótu
og heyra grasið vaxa
skordýrin segja sögur
fuglana flytja fréttir að handan
vita mosann búa mér ból
eiga þar athvarf og skjól.

vi

Herðubreið ertu enn
í skýjamöttli
um herðar þér
bærast ljóspokur

öldruð og vís

hol innan
og guðirnir búa á tindinum
jötnar við ræturnar
líkt og stjórnir þú
örlögum vatns og vinda
elds og ísa

sá er klífur andlit þitt
með tóg og meitli
svo smálegt korn
úr ryki alheims.

Ódádahraun

endalaust og endanlegt
 gamalgrímt og ógurlegt
 hýsir þó frjókorn lífsins
 örsmá urtin hvílir þar
 líkt og Eyvindur forðum
 er hann fól sig í gjótum.

Ódádahraun

svo óhagganlegt
 tími þinn annar en okkar
 kominn frá deiglu elds
 til seiglu þess sem er.

Kynslóðir koma og fara
 vilja ráðskast með þig
 en týnast hver af annarri
 án sérstaks hróðurs í hraun
 sem eitt sinn draup í eldi
 og storknaði í eilífð.

EFNISYFIRLIT

Rætur í nýju landi

Skuggi minn...	11
Að bera sig á torg	12
Annað veifið...	13
Einn þessara daga	14
Sit hér	15
Húmið læðist...	16
Blek, dýra blek	17
Værukær gleði	18
Annars er það víst satt	19
Ég veit ekki...	20

Dísyrði

Í þá daga...	23
Ég var kysst í morgun	24
Þú veist það ekki	25
Þú snertir mig...	26
Manstu að mig dreymdi	27
Hálfrökkur...	28
Ég skal segja þér...	29
Angist	30
Af hverju...	31
Allt er að falli komið	32
Grágrimmar dúfur	33
Þó elska ég þig	34
Óttinn oft orðlaus	35

Öræfaljóð

Landið mitt	39
Snautt...	40
Drekarnir tveir...	41
Eitt sinn...	42
Vildi að ég mætti...	43
Herðubreið ertu...	44
Ódádahraun	45



DÍS YRÐI

DÍS YRÐI

STEINUNN ÁSMUNDSDÓTTIR



STEINUNN ÁSMUNDSDÓTTIR